

Fimmtudagur, 31. janúar 2002

176. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 4/2002

**Kvörtun blómaverslunarinnar Blóm er list yfir nafni
blómaverslunarinnar Blóm og list ehf.**

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Í erindi Ragnheiðar Helgu Jónsdóttur, eiganda blómaverslunarinnar Blóm er list, til Samkeppnisstofnunar er kvartað yfir notkun á firmanafninu Blóm og list á annarri blómaverslun vegna ruglingshættu milli fyrirtækjanna. Í erindinu segist kvartandi hafa opnað blómaverslunina Blóm er list að Núpaland 1 í Kópavogi hinn 1. ágúst árið 1999. Verslunarreksturinn snúi að afskornum blómum, gjafavörum og blóma-skreytingum. Hafi kvartandi tuttugu ára reynslu af slíkri vinnu.

Í nóvember 1999 hafi önnur blómaverslun með samskonar verslunarrekstur verið opnuð, að nafni Blóm og list að Bæjarland 14 í Kópavogi, sem er í sama hverfi og verslun kvartanda. Strax eftir opnun verslunarinnar hafi farið að bera á ruglingi milli fyrirtækjanna. Sem dæmi nefnir kvartandi að heildsalar hafi afhent í verslun hans vörur sem átt hafi að fara til verslunarinnar Blóm og list. Ruglast sé á fyrirtækjunum í upplýsingasíma Landssímans 118. Komið sé í blómaverslun kvartanda að sækja pantanir sem gerðar hafi verið hjá blómaversluninni Blóm og list. Þá hafi kvartandi fengið reikninga fyrir vörur sem afhentar hafi verið blómaversluninni Blóm og list. Þá hafi blómaverslunin Blóm og list tekið við pöntunum ætluðum blómaverslun kvartanda en hann fengið sendan reikninginn.

Að mati kvartanda er með nafninu Blóm og list verið að brjóta á bága við góða viðskiptahætti bæði gagnvart keppinauti og neytendum. Á ólögmetan hátt sé verið að nýta viðskiptavild kvartanda og villa um fyrir neytendum.

2.

Hinn 3. ágúst 2001 var erindið sent blómaversluninni Blóm og list til umsagnar og óskað svara fyrirtækisins innan tíu daga. Ekkert svar barst stofnuninni innan tilskilins frests. Var þá annað bréf sent fyrirtækinu hinn 29. ágúst 2001 og veittur lokafrestur til 6. september sl. til að koma að athugasemdum. Skömmu áður en þeim fresti lauk

hringdi forsvarsmaður fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar og óskaði eftir viðbótarfresti til 17. september sl. sem var veittur. Engu að síður hafa engar athugasemdir borist Samkeppnisstofnun. Hinn 16. nóvember 2001 var ákveðið að taka málið til afgreiðslu samkeppnisyfirvalda þrátt fyrir að Blóm og list hefði ekki tjáð sig og var það tilkynnt málsaðilum með bréfi sama dag. Engin viðbrögð bárust.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 31. janúar 2002, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, og Þórólfur Matthíasson.

Í máli þessu kvartar blómabúðin Blóm er list yfir notkun blómaverslunar á firmanafninu Blóm og list. Kvörtunin byggir einkum á þeim forsendum að um verulega ruglingshættu sé að ræða á milli verslananna þar sem þær hafi með höndum samskonar atvinnurekstur og eru staðsettar í sama hverfi. Blómaverslun kvartanda hafi byrjað starfsemi 1. ágúst 1999 en blómaverslunin Blóm og list í nóvember sama ár.

Í erindinu vísar kvartandi til 1. og 2. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, en að mati samkeppnisráðs kemur 25. gr. laganna helst til álita.

25. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki sem annar á.

Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Taki þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið.

Að mati samkeppnisráðs eru bæði fyrirtækin starfrækt á lögmætan hátt, Blóm er list er rekið sem einkafirma en Blóm og list sem skráð einkahlutafélag. Eiga því eigendur beggja fyrirtækjanna tilkall til nafna þeirra. Kemur því 2. málslíður 25. gr. til álita í máli þessu. Ber þess þó að geta að skv. upplýsingum sem samkeppnisráð hefur aflað sér er hvorki Blóm er list né Blóm og list skráð sem nafn eða vörumerki hjá Einkaleyfastofu og hvorugt fyrirtækjanna er skráð sem firma hjá Firmaskrá Kópavogs þar sem bæði fyrirtækin eru starfrækt.

Fram hefur komið að Blóm er list hefur verið starfrækt lengur en Blóm og list. Nöfnin eru það lík að það er mat samkeppnisráðs að nafnið Blóm og list gefi í skyn að þar sé um að ræða sömu blómaverslun og hjá kvartanda eða a.m.k. nátengdan rekstur. Þá starfa fyrirtækin í sama hverfi og höfða til sama markhóps. Er því að mati samkeppnisráðs veruleg hætta á að neytendur og aðrir viðskiptamenn villist á nöfnunum enda má af gögnum málsins ráða að slíkt hafi gerst að minnsta kosti nokkrum sinnum. Er því notkun firmanafnsins Blóm og list til þess fallin að villst verði á því og firmanafninu Blóm er list. Þá gefur nafnið Blóm og list villandi upplýsingar sem áhrif getur haft á eftirspurn og framboð vara og þjónustu fyrirtækjanna. Er því notkun nafnsins Blóm og list brot á ákvæðum 2. málslíðs 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

III.

Ákvörðunarorð:

„Notkun á firmanafninu Blóm og list ehf. brýtur gegn 2. málslíð 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“